



Skipulags- og byggingarsvið
Reykjavíkurborgar



Ingólfstorg – Kvosin samkeppni

Torg í biðstöðu

Öskjuhlíðin

Niðurstöður opinberaðar í alþjóðlegri
hugmyndasamkeppni um skipulag
miðborgarinnar

Fjöldi almenningssýma
glædd lífi út um alla borg
í sumar

Hugmyndasamkeppni
um framtíðarskipulag
Öskjuhlíðarinnar

Leiðari

Skipulagsmál hafa verið mikið í umræðunni í sumar og er það vel. Skipulagsmál varða alla borgarbúa og móta umhverfi komandi kynslóða og því er mikilvægt að fylgjast með og mynda sér skoðun. Niðurstaða hönnunarsamkeppni um uppbyggingu í nágrenni Ingólfstorgs hafa orðið til þess að fleiri greinar hafa verið skrifaðar í dagblöð um skipulagsmál heldur en um langt skeið. Formlegt skipulagsferli tillögunar er þó eftir og í því ferli má eiga von á frekari skoðanaskiptum um uppbyggingu í miðborginni. Þessu ber að fagna og svo lengi sem umræða er málefnaleg og vel rökstudd þá er hún

ávallt til góðs. Útgáfa upplýsingarits um skipulagsmál var einmitt ætluð til að vekja athygli og áhuga íbúa borgarinnar á þróun hennar og ásjúnd.

Óhætt er að segja að Reykjavík hafi skartað sínu fegursta í sumar. Verkefnin Torg í biðstöðu blómstruðu í blíðviðrinu og borgarbúar nutu Laugavegarins sem göngugötu og þess að bílastæði breyttust í lifandi borgarrými. Í þetta sinn voru biðstöðuverkefnin ekki bundin við miðborgina heldur voru ýmis svæði í hverfum borgarinnar glædd lífi með margskonar uppákomum. Biðstöðuverkefnin eru komin til að vera og sum þeirra munu halda áfram inn í veturinn.

Skipulags- og byggingarsvið hefur nú sameinast umhverfis- og samgöngusviði ásamt framkvæmdahluta framkvæmda-

og eignasviðs borgarinnar. Því mun útgáfa Borgarsýnar framvegis vera á ábyrgð nýs umhverfis- og skipulags-sviðs. Áherslan í umfjöllun mun þó áfram vera á skipulagsmál og verkefni sem þeim tengjast. Það er spennandi vetur framundan á vettvangi skipulagsmála. Strax í september verður auglýst eftir þverfaglegum hönnunarteymum til að vinna með skipulagsyfirvöldum að gerð hverfisskipulags í öllum hverfum borgarinnar. Markmiðið með hverfis-skipulagi er að búa til þróunaráætlun fyrir hvert hverfi með vistvænar lausnir að leiðarljósi. Samvinna borgaryfivalda og íbúa í þessu verkefni er lykilatriði ef ná á góðum árangri og miklar vonir eru bundnar við þetta nýja verkfæri sem hverfisskipulagið vonandi mun verða.

Ólöf Örvarsdóttir, skipulagsstjóri.

Samkeppni

Samkeppni um götugögn fyrir hjól

Hönnunarsamkeppni um hönnun hjólastæða, hjólaskýla og annarra hjólagagna í Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg og Hönnunarmiðstöð Íslands hafa efnt til samkeppni um hönnun hjólastæða, hjólaskýla og annarra hjólagagna sem geta létt hjólríðafólki lífið í borgarumferðinni. Meginmarkmið keppninnar er að fá fram frjóar og áhugaverðar en jafnframt raunhæfar hugmyndir um ný hjólagögn. Höfuðáhersla verður lögð á notagildi, hagkvæmni, einfaldleika og frumleika. Einnig er horft til þess hve vel tillögur falla að umhverfi og götugögnum sem fyrir eru. Höfundar skulu gera grein fyrir framleiðsluáðferðum og efnum. Umhverfisvæn innlend framleiðsla telst kostur.

Samkeppnin er hönnunarsamkeppni. Lýst er eftir grundvallarhugmyndum að hentugum hjólastæðum, hjólaskýlum og öðrum munum eða mannvirkjum sem auðveldað geta hjólríðafólki að nýta reiðhjól sem samgöngumáta

í borginni. Um ólíkar útfærslur getur verið að ræða í miðborg og utan miðborgar. Æskilegt er að í tillögum verði tekið tillit til þeirra götugagna sem fyrir eru í umhverfinu, útlit og hentugleika á hverjum stað fyrir sig. Einnig getur verið um að ræða ólíka hönnun við vinnustaði og í opnu rými borgarinnar.

Veitt verða fyrstu verðlaun eigi lægri en kr. 1.000.000. Auk þess er dómnefnd heimilt að kaupa tillögur fyrir allt að kr. 500.000 úr öllum innsendum tillögum. Rétt til þátttöku hafa allir íslenskir ríkisborgarar og aðrir þeir sem lögheimili eiga á Íslandi. Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum fyrir 22. september 2012 og stefnt er að því að úrslit verða kunn- gjörð samdægurs. Vakin er athygli á því að um er að ræða mjög léttu samkeppni þar sem allar reglur hafa verið einfaldar og ekki þarf að greiða þátttökugjald.



Nánari upplýsingar

www.reykjavik.is/samkeppni

Allar nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu verkefnisins og stefnt er að því að halda fleiri opnar samkeppni um önnur götugögn í náinni framtíð.



Landspítali – nýtt deiliskipulag

Deiliskipulag fyrir nýjan Landspítala er í auglýsingu, athugasemdarfrestur er til 4. september

Tillaga liggur fyrir að nýju deiliskipulagi fyrir Landspítala Háskólasjúkrahús við Hringbraut sem tekur til skipulags framtíðar uppbyggingar fyrir Landspítala, Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Samþjöppun þekkingar og vísindastofnana verður á svæðinu, þar sem sameinuð verður sú starfsemi sem

fram að þessu hefur skipst upp milli Fossvogs, Hringbrautar og víðar.

Á skipulagssvæðinu er ætlunin að byggja upp í nokkrum áföngum starfsemi Landspítala. Nýbyggingar munu rúma m.a. slysa- og bráðamóttöku, skurðstofur, gjörgæslu og vöknun, myndgreiningu, rannsóknarstofur, legudeildir og sjúkrahótel auk húsnæðis Heilbrigðisvísindasviðs Háskólans.

Með staðfestingu nýs deiliskipulags sem hér er sett fram fellur úr gildi deiliskipulag Landspítalalóðar frá 1976 með síðari breytingum. Einnig verður gerð breyting á deiliskipulaginu „Færsla Hringbrautar“ frá 2006.

Tillagan, ásamt umhverfisskýrslu, liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12–14, 1. hæð, frá 10. júlí til og með 4. september. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, skipbygg.is

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 4. september. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.



Heiðmörk – útivist, verndun, náttúra



Tillaga liggur fyrir að nýju deiliskipulagi fyrir Heiðmerkursvæðið

Markmið með gerð deiliskipulags fyrir Heiðmörk eru margþætt og eiga að tryggja samræmingu landnotkunar til að forðast hagsmunaárekstra milli núverandi og framtíðar landnotkunar. Deiliskipulag Heiðmerkurs miðar að því að skapa jafnvægi á milli útivistar og verndunar vatnsbóla og náttúru svæðisins.

Helstu markmið eru að:

- Afmarka og skilgreina svæði eftir nýtingu þeirra og/eða verndun
- Tryggja öryggi grunnvatns í tengslum við nýtingu svæðisins.
- Skapa fjölbreytt og aðgengilegt útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa.

- Ákvarða og skilgreina legu helstu vegtenginga og göngu-, hjóla- og reiðleiða um svæðið.
- Styrkja tengingu byggðar við útivistarsvæði.
- Styrkja samspil og tengingu við aðliggjandi útivistarsvæði.
- Tengja nærumhverfi Elliðavatnsbæjar annarri starfsemi á svæðinu og styrkja Elliðavatnsbæ sem þjónustu- og fræðslumiðstöð fyrir Heiðmörk.

Allt land innan deiliskipulagsmarka er í eigu Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur og er næstum allt land Heiðmerkurs innan Reykjavíkur skilgreint sem vatnsverndarsvæði og skv. tillögu

eru ekki fyrirhugaðar breytingar á vatnsverndarmörkum. Með aukinni útivist og umferð um svæðið er mikilvægt að verndun umræddra vatnsbóla sé tryggð. Landslag Heiðmerkurs innan marka Reykjavíkur er fjölbreytt en helstu einkenni svæðisins eru hraunin, Hólmskraun og Strípskraun, Elliðavatn og skógræktin.

Flatarmál friðlandsins í Heiðmörk er tæpir 32 km² eða 3.191 ha og eru 89% flokkuð sem gróíð land. Gróðurþekja er nokkuð samfelld og telst friðlandið vel gróíð.

Innan Heiðmerkurs eru samtals um 27 km af vegum eða slóðum en gönguleiðakerfið er um 40 km, frá Norðlingaholti út að Maríuhellum í Garðabæ.

Auglýst hefur verið tillaga að deiliskipulagi Heiðmerkurs og er athugasemdarfrestur til 12. september nk. Hægt er að kynna sér tillöguna á heimasíðu sviðsins, skipbygg.is, sem og í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12–14, 1.hæð.

Sumar götur eru sumargötur

Bíllausar götur yfir sumartímann í miðborg Reykjavíkur

Þann 17. júní tóku gildi sumargötur á Laugavegi neðan Vatnsstígs og á Skólavörðustíg neðan Bergstaðastrætis. Þessar götur voru lokaðar fyrir bílaumferð fram yfir Menningarnótt eða til 20. ágúst.

Sumargötur vöknudú hins vegar af vetrardala þann 1. júní þegar Pósthússtræti og Hafnarstræti var lokað fyrir bílaumferð. Með þeirri aðgerð var umhverfi Kvosarinnar að stórum hluta tileinkað gangandi vegfarendum, mannlífi, verslun og menningu og verður svo til 3. september. Gatan hefur verið opin fyrir akstur með aðföng á milli kl. 8.00 og 11.00 frá mánudegi til föstudags. Austurstræti austan Pósthússtræti var breytt í varanlega göngugötu árið 2011.

Sumargötur í miðborg Reykjavíkur hafa gefið góða raun. Borgarbúar hafa almennt verið ánægðir með það fyrirkomulag að breyta vinsælum götum í miðborginni í göngugötur yfir sumar-



Laugavegurinn sumarið 2012

©Borghildur

tímann. Um leið og göngugötur bæta mannlífið í miðborginni, þá eru þær umhverfisvænni því bein mengun frá útblæstri bifreiða og svifryk minnkar til muna.

Á heimasíðunni borghildur.info er hægt að kynna sér myndbönd og úttekt á mannlífinu í miðborginni sumarið 2011. Í skoðanakönnun sem gerð var meðal borgarbúa 2011 kom í ljós að þorri þeirra sem tóku afstöðu, eða 75%, var fylgjandi því að Laugavegur væri göngugata yfir hásumarið. Í fyrrasumar stóðu Hitt húsið og starfshópar sem styrktir voru af borginni fyrir ýmsum

uppákomum í miðborginni, m.a. götuleikhúsum og innsetningum á þessum sumargötum. Reynslan hefur sýnt að göngugötur í miðborginni auðga mannlífið og bæta aðgengi gangandi og hjólandi fólks að verslun og þjónustu. Sumargötur er sameiginlegt verkefni borgaryfirvalda og rekstraraðila til að taka sem best á móti gestum í miðborginni. Meirihluti rekstraraðila í miðborginni vill sjá framhald á verkefninu.



Nýtt borgarhlíð á sumargötum

Sumargöturnar voru lokaðar allri bílaumferð í sumar og fram yfir menningarnótt eða til 20. ágúst.

Í skoðanakönnun sem gerð var meðal borgarbúa 2011 voru 75% fylgjandi því að Laugavegur væri göngugata yfir hásumarið.

Nánari upplýsingar

www.borghildur.info

Samkeppni

Ingólfstorg – Kvosin

ASK arkitektar hlutu fyrstu verðlaun Alls bárust 68 tillögur í hugmynda- samkeppnina

29. júní sl. voru birtar niðurstöður í hugmyndasamkeppni um uppbyggingu í miðborg Reykjavíkur við Ingólfstorg og í Kvosinni. Fyrstu verðlaun í samkeppninni hlutu ASK arkitektar en höfundar vinningstillögunnar eru arkitektarnir Þorsteinn Helgason og Gunnar Örn Sigurðsson.

Í umsögn dómnefndar um vinnings-
tillöguna segir m.a. „að um sé að
ræða metnaðarfulla tillögu sem tekur
tillit til sögu Kvosarinnar en sýnir um
leið áhugaverða þróunarmöguleika.
Styrkur hennar felst meðal annars í
skýrri og heildrænni sýn á viðkvæmu og
mikilvægu miðborgarsvæði. Hún sýnir
markvissa uppbyggingu án niðurrifs
eða tilfærslu á gömlum húsum. Tillagan
skiptir uppbyggingunni í þrjá áfanga þar
sem hver áfangi hefur skýrt hlutverk.
Í Vallarstræti verður fjölbreytt verslunar-
og þjónustuhúsnæði Það mun styrkja


þjónustu í hjarta miðborgarinnar,
auðga mannlíf og skapa áhugaverða
upplifun fyrir vegfarendur. Hrynjandi
og form nýbygginga fellur almennt vel
að nálægri byggð. Samkomusalur við
Thorvaldsensstræti 2 er endurbýggður
sem skemmti- og ráðstefnusalur.
Innangengt verður í veitingasal
hótelsins.”

Önnur verðlaun féllu í hlut Kanon
arkitekta en höfundar þeirrar tillögu eru
arkitektarnir Anna Sóley Þorsteinsdóttir,
Birkir Einarsson, Halldóra Bragadóttir,
Helga Bragadóttir, Helgi B. Thóroddsen,
Porkell Magnússon og Þórður
Steingrímsson. Þriðju verðlaun hlaut
Helgi Mar Hallgrímsson, arkitekt.

Samkeppnin var í tveimur þrepum.
Í fyrra þrepi var lögð áhersla á skipulag
almenningssýma á svæðinu og frum-
hönnun hótels. Einnig átti að huga að

heildarmynd svæðisins og tengingum
við aðliggjandi almenningssými
með notagildi og umhverfisgæði að
leiðarljósi. Alls bárust 68 tillögur í
hugmyndasamkeppnina. Seinna þrepið
var framkvæmdasamkeppni og voru
fimm tillögur valdar úr fyrra þrepi til að
forhanna hótél og útfæra almenningss-
rýmin með nákvæmari hætti.
Tillögunar búa yfir athyglisverðum hug-
myndum sem varpa ljósi á margvíslega
möguleika svæðisins. Allmargar
hugmyndanna fela í sér róttæka
umbreytingu á samkeppnissvæðinu.
Aðrir þróa hugmyndir að uppbyggingu
út frá sögulegu byggðamynstri,
staðaranda og svæðinu eins og það er.

Öllum 68 samkeppnistillögunum var stillt
upp til sýningar sem var opnuð um leið
og tilkynnt var um verðlaunahafa, og var
sýningin til húsa að Thorvaldsensstræti
6, Landssimahúsinu frá 29. júní til
15. ágúst.



Vinningstillagan ©ASK Arkitektar



Vinningstillagan ©ASK Arkitektar



2. sætið

Dómnefndarálit: Umferðarskipulag fyrir gangandi og akandi vegfarendur er gott. Opnað er fyrir möguleika á að endurvekja sögulega tengingu Austurstrætis við Aðalstræti. Veltusund verður borgargata með húsum beggja vegna. Vallarstræti fær einnig heildstæðara götuform sem styrkir tengsl Austurvallar við Grjótaþorp. Vandkvæði tillögunnar felst í flókinni áfangauppbýggingu þar sem flutningur Aðalstrætis 7 og Vallarstrætis 4 er forsenda fyrir nýbyggingu við Vallarstræti.

©Kanon Arkitektar



2. sætið

Dómnefndarálit: Tillagan gerir ráð fyrir að húsin við Aðalstræti 7 og Vallarstræti 4 verði færð saman og fram á Ingólfstorg. Þar verða þau hluti af uppbyggingu á gömlu lóð Hótel Íslands syðst á Ingólfstorgi. Reiknað er með fölbreyttri miðborgarstarfsemi í húsunum. Hótel er hannað inn í Landssímahúsið og í nýbyggingum við Vallarstræti og við Kirkjustræti. Skemmti- og samkomusalurinn Thorvaldsensstræti 2 er endurbýggður. Uppbygging á syðri hluta Ingólfstorgs skapar nýja sýn og áhugaverða uppbyggingarmöguleika.

©Kanon Arkitektar



3. sætið

Dómnefndarálit: Grunnhugmyndin er einföld og skýr. Tillagan felur í sér flutning húsanna sem nú standa við Vallarstræti 4 og Aðalstræti 7 út á Ingólfstorg. Þessum gömlu húsum er komið fyrir við Aðalstræti ásamt aðfluttu húsi sem saman mynda heildstæða götmynd. Með þessu móti fær Ingólfstorg nýja og óvænta ásynd þar sem timburhúsaröð myndar nýtt kennileiti við enda Austurstrætis. Lögun og yfirborðsmeðhöndlun torgsins er nokkuð sannfærandi. Í nýbyggingu við Vallarstræti og sunnanvert Ingólfstorg er komið fyrir hóteli. Hótelstarfsemin teygir sig yfir í hluta

Landssimahússins. Skemmti- og samkomustaðurinn við Thorvaldsensstræti 2 er endurbyggður í núverandi mynd. Umferðarskipulag leggur áherslu á gangandi vegfarendur. Það orkar tvímælis að loka alfarið á umferðartengingu Austurstrætis við Aðalstræti. Í tillögunni er ekki tekið á uppbyggingu við Kirkjustræti. Þetta er djörf tillaga sem vinnur skemmtilega með sögulega tilvísun. Engu að síður virkar húsaröðin við Ingólfstorg framandi.

©Helgi Mar Hallgrímsson



3. sætið

©Helgi Mar Hallgrímsson



Vallarstræti - Austurvöllur

©Ragnar Th. Sigurðsson

Mannlíf

Nýr bæklingur um útiveitingar og notkun á borgarlandi

Markmiðið er að halda áfram að skapa fjölbreytt, lifandi og snyrtileg almenningssými sem allir borgarbúar geti notað saman

Sumarið 2011 gaf Reykjavíkurborg út reglur og leiðbeiningar um útiveitingar sem voru samþykktar bæði í Skipulagsráði og Borgarráði. Reykjavíkurborg hefur nú gefið út uppfærðan bækling þar sem bætt hefur verið við almennum kafla um notkun á borgarlandi sem og endurskoðaður hefur verið kafli um útiveitingar. Hægt er að skoða bæklinginn á heimasíðu Skipulags- og byggingar-

sviðs Reykjavíkurborgar og er hægt að nálgast útprentuð eintök í þjónustuverinu, Borgartúni 12–14.

Á undanförunum árum hefur starfsemi verslana og sérstaklega veitingamanna í miðborginni flætt í auknum mæli út á borgarlandið og myndað skemmtilega vídd í mannlífinu. Til að hvetja til enn frekari notkunar borgarlandsins undir

slika starfsemi og stuðla um leið að því að sem flestir upplifi litríka, snyrtilega og örugga borg hefur verið mótaður rammi um útiveitingar og notkun á borgarlandi. Innan hans hefur hver rekstraraðili talsvert frjálssar hendur til að útfæra borgarrýmið kringum sinn stað og þannig halda áfram að taka þátt í að skapa fjölbreytt, lifandi og snyrtileg almenningssými sem allir borgarbúar geti notið saman. Veitingamönnum og verslunareigendum ætti að vera mikill hagrur í því að geta stækkað veitinga- eða verslunaraðstöðu sína án endurgjalds. Forsenda fyrir góðu andrúmslofti í borginni er að allir geti unað sér saman hvort sem þeir eru hjólandi, akandi eða gangandi og hvort sem þeir eru við leik, í verslunarleiðangri eða að gæða sér á góðum mat á veitingastað. Á sumrin er hægt að sækja um sérstök tímabundin leyfi til stækkunar á útiveitingasvæði þar sem möguleiki er fyrir hendi. Á það sérstaklega við á göngugötum og skilgreindum sumargötum.

Samráð

Betri Reykjavík

Betri Reykjavík er samráðsvettvangur á netinu þar sem íbúum gefst tækifæri til að setja fram hugmyndir um málefni er varða þjónustu og rekstur Reykjavíkur. Notendur taka þátt með því að setja fram hugmyndir, rökstyðja mál og segja skoðun sína eða gefa hugmyndum og rökum vægi með því að styðja þær eða vera á móti þeim. Mikilvægt er að hafa í huga að Reykjavíkurborg er stjórnvald sem starfar eftir lögum og reglum og hefur ákveðið verksvið. Í ljósi þess er

ekki sjálfgefið að unnt verði að taka allar hugmyndir til formlegrar meðferðar. Hins vegar þá skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að taka hugmyndir af vefnum til formlegrar meðferðar á þann hátt að mánaðarlega fara 5 efstu hugmyndirnar til vinnslu hjá viðkomandi fagraði

Nánari upplýsingar

www.betrireykjavik.is

Útilaug við Sundhöll Reykjavíkur

Hönnunar- samkeppni um útfærslu útilaugar við Sundhöllina



Borgarráð samþykkti nýlega að halda hönnunarsamkeppni um útfærslu útilaugar við Sundhöll Reykjavíkur. Hugmyndir um útilaug hafa um nokkurt skeið verið til skoðunar hjá Reykjavíkurborg og mun samkeppnin taka mið af þeirri vinnu.

Starfshópur um endurbætur og hugsanlega stækkun Sundhallarinnar lagði í skýrslu sinni til borgarráðs í maí sl. áherslu á að byggingarlist hússins bæði að innan sem utan yrði gert hátt undir höfði þegar ráðist verður í endurbætur eða viðbyggingu. „Sérstaða og saga

byggingarinnar er mikil og það gerir hana að auki eftirsóknarverða fyrir sundlaugargesti“, segir í skýrslunni. Starfshópurinn leggur áherslu á að nota áfram sturtur og búningsklefa en betrum-bæta aðgengi að þeim á neðri hæð í tengslum við viðbyggingu. Borgarráð fól Skipulags- og byggingarsviði og Framkvæmda- og eignasviði að hafa forystu um hönnunarsamkeppni í samvinnu við ÍTR og Arkitektafélag Íslands.

Sundhöllin var teiknuð af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins og var átta ár í byggingu á árunum

1929–1937. Húsið er nær óbreytt að utan nema á austursvölum hefur verið bætt við pott-um og eimbaði. Sundhöllin var friðuð af menntamálaráðherra 20. desember 2004 og tekur friðunin til ytra og innra borðs laugar, búningsklefa og sturtuklefa. Við allar breytingar, viðbætur og lagfæringar þarf að taka fullt tillit til þess.

Ylströnd Ingólfs

Rekstraraðilar við Ingólfstorg tóku torgið í fóstur í sumar samkvæmt samkomulagi við borgina. Markmiðið var að hvetja til þess að torgið yrði notað á fjölbreyttan hátt og efla þátttöku hagsmunaaðila við umönnun torgsins. Miðborgin okkar, samstarfsvettvangur hagsmunaaðila í miðborginni, hefur skipulagt ýmsa viðburði og innsetningar á torginu í sumar. Með því er leitast við að efla mannlíf og bjóða almenningi upp á að nýta það til viðveru og skemmtunar.

Íþróttauunnendur gátu líka fylgst með úrslitakeppni EM í knattspyrnu og Ólympíuleikunum undir berum himni á Ingólfstorgi en fyrr í sumar var þar komið fyrir risasjónvarpskjá fyrir gesti og gangandi. Einnig fengu nokkrir veitingastaðir leyfi til að bera út veitingar á torgið þar sem fólk hefur getað sest við borð, pantað sér veitingar og notið veðurbliðunnar í sumar.





Mannlíf

Torg í biðstöðu – biðsvæði

Verkefnin snúast um að lífvæða og endurskilgreina svæði með tímabundnum lausnum

Verkefnið Torg í biðstöðu fer fram á svokölluðum biðsvæðum og hefur í sumari verið í fullum gangi á nokkrum torgum og almenningssvæðum í borginni. Þetta er annað árið í röð sem verkefnið er starfrækt og snýst það um að lífvæða og endurskilgreina biðsvæði borgarinnar með tímabundnum lausnum. Biðsvæði eru svæði þar sem ríkir óvissa um framtíðarnotkun og möguleikar svæðisins vannýttir. Biðsvæðunum er svo úthlutað til hópa og einstaklinga til þess að gera tilraunir í borgarrýminu með því markmiði að glæða almenningssýmin lífi og hvetja til umhugsunar og umræðu um framtíð þeirra. Sérstakleg eru hagsmunaaðilar og aðrir borgarbúar hvattir til þess að taka virkan þátt í sjálfbærri þróun svæðanna „Betri hverfi“.

Biðsvæðin í ár eru sextán talsins og koma fjölmargir aðilar að verkefninu,

bæði innan Reykjavíkurborgar og utan. Þetta er breiður hópur fólks úr öllum áttum til að mynda hönnuðir, arkitektar, landslagsarkitektar, fjölmiðlafólk, smiðir, myndlistafólk og ótal fleiri. Alls koma 10 þverfaglegir biðsvæðahópar að verkefninu auk þriggja manna teymi sem vinnur hjá Reykjavíkurborg sérstaklega að nokkrum biðsvæðum sem tengjast gömlum verslunakjörnum í íbúðarhverfum borgarinnar og er í nánú samstarfi við hagsmunaaðila og íbúa á svæðunum.

Í miðborginni eru spennandi biðsvæðaverkefni komin af stað og mannlífið blómstrar. Við Óðinstorg er búið að koma upp fjölskyldu- og skrimslagarði, á Káratorgi er hlýleg og afslöppuð stemmning í anda Kaffismiðjunnar með tilkomu sætaaðstöðu bólstraðri með kaffibaunapokum. Búið er að koma fyrir mannlífstorgum í stað bílastæða á

Bæjarins bezta torgi og á gatnamótum Pósthússtrætis og Hafnarstrætis þar sem hægt er að slaka á og fá sér pylsu eða njóta útiveitinga á Horninu. Tignarleg fánaborg skilgreinir gönguleið um Austubakka hafnarinnar sem tengir Kvosina við Hörpuna og hafnarssvæðið. Rauð, bólstruð seglhúsgögn bjóða fólk velkomið að fá sér sæti undir strengja-skúlpútur í Fógetagarðinum. Hlemmur er orðin að bæjarhlíði og loksins hefur fólk verið boðið sæti eftir að hafa þurft að standa afar lengi að bíða eftir strætó.

Í ár teygir biðsvæðaverkefnið sig út fyrir miðborgina og áhugaverð verkefni eru að spretta upp og varpa ljósi á nýja möguleika í hverfunum. Sum þessara verkefna eru tilkomin vegna úrslita úr íbúakosningunni „Betri hverfi“ þar sem íbúar vildu fá meira mannlíf á ákveðin svæði innan hverfanna. Á Árbæjartorgi er búið að koma fyrir skemmtilegri



Snekkjuvogur



Árbæjartorg

íveruaðstöðu og borgarræktunarsvæði þar sem kryddjurtir og blóm vaxa í alls konar gróðurkerjum og komu krakkarnir í hverfinu að smíðinni. Á Rúnuróló við Snekkjuvog var komið fyrir sviði hverfisins og karnivalstemning flaut yfir vötnum á frábærri sumarhátíð sem haldin var á svæðinu þann 15. júlí. Um 150 íbúar og aðrir áhugasamir sóttu hátíðina. Í byrjun ágúst var staðið að Gerðubergsgleði og sölusýningu í samstarfi við Ljúbjerg og Gylfaflöt á Markúsartorgi við Gerðuberg og var það frábært dæmi um vel heppnað samstarf við hagsmunaaðila sem virkjaðir eru til þess að nýta sér möguleika áður vannýttis svæðis. Við verslunarkjarnann í Arnarbakka er búið að koma fyrir stórskemmtilegum sveppakollum og hengirúmum sem hafa gefið svæðinu nýjan tilgang og vakið mikla lukku og er sögusýning um svæðið í bígerð. Á bæjartúninu á milli Gnoðarvogs og Suðurlandsbrautar var komið fyrir nýjum áningarstað, fjölnota bekkjasamstæðu sem vefjuð er í kringum furugrind.

Í sumar, líkt og fyrri ár hefur rannsóknarhópurinn Borghildur það hlutverk að skoða og greina biðsvæðin. Hópurinn, sem samanstendur af arkitektanemum og grafískum hönnuði, hefur fylgst með borgarlífinu í Reykjavík frá 2010. Borghildur skoðar hvaða áhrif inngrip biðsvæðahópanna hafa á svæðin, skoðar viðbrögð borgarbúa og ræðir við hönnuði. Umfjöllun um verkefnin er svo miðlað til borgarbúa í gegnum netið í formi myndbanda, svokallaðra Borgarstikla.

Biðsvæðin 2012

Miðborg

Óðinstorg Hópur: Sari Peltonen & Krístrún H.
Káratorg Hópur: Endur-skoðendur borgarinnar
Baldurstorg Hópur: Rúmmeter M3*
Fógetagarður Hópur: Himinn & Haf
Austurbakki Hópur: The Red Carpet
Bæjarins Beztu Torg Hópur: Rúmmeter M3
Sumargötturnar Laugavegur og
Skólavörðustígur María Marko
Hlemmur Hópur: Borgarmynd
Bernhöftstorg Hópur: Skákakademía
Reykjavíkur

Hverfi

Arnarbakki Biðsvæðastjórn Rvk.
Markúsartorg við Gerðuberg
Biðsvæðastjórn Rvk.
Áfheimar Biðsvæðastjórn Rvk.
Laugalækur Biðsvæðastjórn Rvk.*
Árbæjartorg Hópur: The Turf Network*
Rúnuróló við Snekkjuvog og Barðavog
Hópur: Barabúmm*
Gnoðavogur Hópur: Mót*

*Valið úr íbúakosningu Betri Hverfi



www.borghildur.info

Kíktu á vefsvæðið og skoðaðu nánar hvað Borghildur var að gera í sumar. Þar má sjá fjöldan allan af ljósmyndum og myndböndum sem gerð voru í tengslum við verkefnið.



Samkeppni

Frumleg og djörf vinningstillaga

Dómnefnd reiknar með að mannvirkið geti orðið ákveðið kennileiti og vakið áhuga fólks til útivistar á svæðinu

Tillögur í hönnunarsamkeppni Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar um göngu- og hjólabrýr yfir Elliðaárósa og hjólaleið um norðurenda Geirsnefs voru kynntar í byrjun maí að viðstöddum þátttakendum og dómnefnd. Þegar nafn leynd var aflétt kom í ljós að höfundar vinningstillögunnar voru frá Teiknistofunni Tröð, þau Hans-Olav Andersen og Sigríður Magnúsdóttir, arkitektar. „Einfalt en jafnframt frumlegt og djærft form einkennir tillöguna,“ segir í áliti dómnefndar um verðlaunatillöguna. „Styrkur tillögunnar er tvímælaust einfalt og sterkt burðarform, sem felur í sér nýstárlega nálgun viðfangsefnisins.“ Dómnefndin reiknar með að mannvirkið geti orðið ákveðið kennileiti og vakið áhuga fólks til útivistar á svæðinu.

Það var svo hópur þriggja arkitekta sem vann 2. verðlaun, þeir Jón Davíð Ásgeirsson, Guðni Björn Valberg og

Andri Gunnar Lyngberg Andrússon. Um tillögu þeirra segir dómnefndin að hún sé „látlaus og högvær og feli í sér einfaldan glæsileika.“ Þriðja verðlaunatillagan reyndist vera samstarfsverkefni Kanon arkitekta og verkfræðistofunnar Hnits. „Brýr eru léttar og svifandi og formaðar út frá burðarþoli,“ segir í áliti dómnefndar sem mat samspil brúa, stíga og landslags mjög gott.

Tilgangur samkeppninnar var að fá fram frjóar og áhugaverðar, en jafnframt raunhæfar hugmyndir um þessa nýju hjólaleið sem tengjast mun neti hjólastíga í borginni. Gangi áætlanir eftir má búast við að nýja göngu- og hjólaleiðin verði tilbúin næsta vor. Hún mun stytta leiðina milli Grafarvogs og miðborgar umtalsvert eða um 0,7 km. Gert er ráð fyrir aðskilnaði gangandi og hjólandi umferðar með það í huga að stuðla að bættu umferðaröryggi og gera leiðina greiðari.

Umferð hjólandi og gangandi yfir Elliðaár er mikil og má gera ráð fyrir að hún aukist með tilkomu nýju leiðarinnar. Góð þátttaka var í samkeppninni, en alls bárust 16 tillögur sem teknar voru til umfjöllunar af dómnefnd sem skipuð var fulltrúum Reykjavíkurborgar, Vegagerðarinnar, Verkfræðingafélags Íslands og Arkitektafélags Íslands. Dómnefndin gerði skilmerkilega grein fyrir starfi sínu í samantekt um allar innkomnar tillögur og sérstaklega verðlaunatillögunar þrjár, sem metnar voru á seinna þrepi keppninar.



Vinningstillagan
©Teiknistofan Tröð



2. sætið
©Jón, Guðni og Andri



3. sætið
©Kanon og HNIT

Hugmyndasamkeppni um Öskjuhlíðina

Leitast hefur verið eftir hugmyndum um hvernig efla megi mannlíf og styrkja útivist á svæðinu

Skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum í maí sl. að halda hugmyndasamkeppni meðal almennings um nýtingu Öskjuhlíðarinnar og næsta nágrennis. Markmiðið var að leita eftir hugmyndum um hvernig efla megi mannlíf og styrkja útivist á svæðinu ásamt hugmyndum um almenna nýtingu Öskjuhlíðarinnar. Hugmyndirnar geta snúið að nýtingu eða breytingum, verið tillögur um varðveislu, starfsemi, uppbyggingu o.fl. Ekki var gert ráð fyrir að þátttakendur þyrftu að setja fram heildarsýn fyrir allt svæðið, frekar að tillögur séu lausnir fyrir afmörkuð svæði eða almennar hugmyndir um nýtingu.

Allir höfðu rétt til þátttöku í samkeppninni að undanskildum dómnefnd og verkefnisstjóra sem jafnframt er trúnaðarmaður og ritari dómnefndar. Tíu tillögur fá viðurkenningar og er 750.000 kr. veitt í viðurkenningarfé og mun dómnefnd ákveða skiptingu þess á tillögurnar. Nefndin mun taka til starfa í byrjun september og ljúka störfum u.þ.b. mánuði síðar. Borgarstjóri mun



siðan afhenda viðurkenningar við sérstaka athöfn. Sýning verður haldin á völdum tillögum.

Á haustmánuðum stefnir Reykjavíkurborg siðan að því að halda samkeppni meðal fagaðila um rammaskipulag fyrir Öskjuhlíðarsvæðið. Niðurstöður úr hugmyndasamkeppni fyrir almenning verða mikilvægt innlegg fyrir endanlegt rammaskipulag svæðisins. Öskjuhlíðin

er eitt stærsta útivistarsvæði borgarinnar og er mikilvægur hlekkur í keðju opinna svæða í Reykjavík. Þar eru margar náttúru- og söguminjar og fjölskrúðugt náttúrulíf. Á undarförnum árum hefur verið aukin ásókn í framkvæmdir og uppbyggingu á svæðinu og því tímabært að setja stefnumörkun til framtíðar fyrir Öskjuhlíðina.

**Skipulags- og byggingarsvið
Reykjavíkurborgar**

www.skipbygg.is
skipulagssja.skipbygg.is

Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími: 411–1111
skipulag@reykjavik.is

Ábyrgðarmaður:
Ólóf Örvarsdóttir

Ritstjórar:
Björn Ingi Edvardsson og
Valný Aðalsteinsdóttir

Hönnun og umbrot:
Vinnustofa Atla Hilmarssonar
Prentun: Prentmet



Reykjavíkurborg